

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitur í Súðavíkurhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps innheimtir gjald fyrir fráveitu í Súðavíkurhreppi og hreinsun rotþróa í Súðavíkurhreppi skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur og notkun og hreinsun rotþróa í Súðavíkurhreppi nr. 813/2003.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús	kr.	45.000	á hvert hús
Fyrir fjölbýlishús	kr.	15.000	á hverja íbúð
Fyrir annað húsnæði	kr.	60	á hvern m ³ í húsnæðinu að 4.000 m ³
		15	á hvern m ³ > 4.000 m ³

Ef um tvöfalt frárennislakerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,22% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Rotþróargjald í kr.</i>
Rotþró < 4.000	15.500
Rotþró 4.001-6.000	18.000
Rotþró 6.001-8.000	20.000
Rotþró 8.001-10.000	25.000
Rotþró > 10.000	2.500 pr. umfram rúmmetra

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.
Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 2.500.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Súðavíkurhrepps 23. nóvember 2011 og staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunar-

Nr. 1140

30. nóvember 2011

varnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi þann 1. janúar 2012. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 978/2003.

Súðavík, 30. nóvember 2011.

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 16. desember 2011